

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Leirvogsár.

1. gr.

Nafn félagsins er Veiðifélag Leirvogsár.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagsmenn eru þinglýstir/skráðir eigendur/ábúendur jarða og landareigna, sem land eiga að Leirvogsá og ósum hennar upp að Tröllafossi. Umræddar jarðir/landareignir eru: Skeggjastaðir, Hrafnhólar, Minna-Mosfell, Þverárkot, Norður-Gröf, Mosfell, Hrísbú, Varmadalur I, Leirvogstunga, Fitjakot, Vogur, Víðines, Mosfellsbær og Blikastaðir.

Eitt atkvæði fylgir hverri þeirri jörð sem uppfyllti skilyrði eldri jarðalaga nr. 65/1976 til að teljast lögbýli við gildistöku þeirra laga. Sama gildir um land sem fellt hefur verið úr tölu jarða frá þeim tíma með samþykki réttra yfirvalda, að eitt atkvæði skal koma fyrir þá jörð eða land sem veiðirétturinn tilheyrði upphaflega. Þegar sameinaðar hafa verið jarðir sem veiðirétt áttu fylgir eitt atkvæði hinni sameinuðu jörð. Við gildistöku samþykktar þessarar fylgir atkvæðisréttur neðangreindum jörðum:

Víðines (lögbýli, 125.772)
Fitjakot (lögbýli, 125.675)
Varmadalur I (lögbýli, 125.765)
Norður-Gröf (lögbýli, 125.738)
Hrafnhólar (lögbýli, 125.690)
Skeggjastaðir (lögbýli, 123.764)
Minna-Mosfell (lögbýli, 123.716)
Mosfell (lögbýli, 123.731)
Hrísbú (lögbýli, 123.671)
Leirvogstunga (lögbýli, 123.696)
Blikastaðir (lögbýli, 123.618)

Ef eigendur jarðar eða veiðiréttar eða ábúendur jarðar eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um hver fari með atkvæðisréttinn og skal það tilkynnt félaginu með sannanlegum hætti. Hið sama gildir þegar jörð hefur löglega verið skipt í ákveðnum hlutföllum milli eigenda. Liggi ekki fyrir slíkur samningur og/eða umboð allra eigenda, verður ekki farið með atkvæði fyrir viðkomandi jörð á fundum félagsins, uns úr hefur verið bætt.

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar.

Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, þ.e. formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár.

Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn út eftir tvö ár en hinn eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Endurkjósa má stjórnarmenn, sbr. þó næstu málsgrein hér að ofan. Kjósa skal þrjú varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn skoðunarmann til vara ár hvert.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmati ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

8. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skyld er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykktum eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykktum eða arðskrá ekki afgreidd á fundi vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða án tillits til fundarsóknar.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók. Á félagsfundum skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn.

Umboð skulu vera skrifleg og ekki eldri en þriggja mánaða. Umboða, sem lögð eru fram á fundi, skal getið í fundargerðabók.

9. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á aðalfundi árið 2007 skal einn maður kjörinn til eins árs, annar til tveggja ára og hinn þriðji til þriggja ára. Á aðalfundum árin 2008 og 2009 skal síðan kjósa einn mann hvort ár, til þriggja ára í senn og svo koll af kolli.

Fiskistofu, 20. ágúst 2008.

Árni Ísaksson,
forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs.

B-deild – Útgáfud.: 4. september 2008